

Alþingi
Efnahags og viðskiptanefnd
Fjárlaganefnd
sent rafrænt nefndasvid@altingi.is

Ísafirði 19. desember 2017

Umsögn varðandi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2018, 3. mál 148. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill með umsögn þessari vekja athygli á áhrifum 40. og 41. gr þessa lagafrumvarps.

XVIII. kafli breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

40. gr. Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögnum:
- a. Í stað „31. desember 2017“ í 6. mgr. kemur: 31. desember 2020.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. er óheimilt að fella niður virðisaukaskatt eða telja fjárhæð til undanþeginnar veltu samkvæmt ákvæði þessu:
 1. Af rafmagnsbifreið frá og með sjötta virka degi næsta almanaksmánaðar eftir að samtals 10.000 slíkar bifreiðar hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.
 2. Af vetnisbifreið frá og með sjötta virka degi næsta almanaksmánaðar eftir að samtals 10.000 slíkar bifreiðar hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.
 3. Af tengiltvinnbifreið frá og með sjötta virka degi næsta almanaksmánaðar eftir að samtals 10.000 slíkar bifreiðar hafa verið skráðar á ökutækjaskrá.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur óumdeilt mikilvægi orkuskipta í samgöngum og nýtingu innlendra orkugjafa á hreinorkubíla, þar sem mest tækifæri liggja í nýtingu rafmagns með hleðslu á rafbíla eða til framleiðslu vetnis. Hér verði minnkaður útblástur gróðurhúsalofttegunda til að mæta markmiðum Parísarsamkomulagsins og sparað í innflutningi eldsneytis. Hér þarf að haldast í hendur uppbygging innviða og samhliða hraða endurnýjun samgöngutækja.

Stjórnvöld hafa á síðustu árum fellt niður virðisaukaskatta af hreinorkubílum og með 40. gr í frumvarpi til laga er ákvæðið endurnýjað, en nú fest til næstu þriggja ára en samhliða er sett inn nýtt ákvæði um hámark á fjölda hreinorkubíla sem virðisaukaskattur yrði felldur niður af, eða 10.000 bílar í þrem flokkum, samtals 30.000 bílar. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta hámark skýrt með að þegar 5 % bílaflotans þá hafi myndast markaður til að standa undir uppbyggingu innviða. Ekki er skýrt nánar hvaða innviði er um að ræða, hleðslustöðvar eru eitt en samhliða að byggja upp þjónustu s.s. verkstæði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að landshlutum sé mismunað með þessu ákvæði og grípa verði til mótvægisáðgerða þannig að landsmenn standi jafnt í að geta hagnýtt sér hreinorkubíla. Nú þegar megi telja að það sé til staðar markaðsbrestur og verði á næstu árum á dreifbýlli svæðum varðandi uppbyggingu innviða. Markaðsbrestur hafi myndast þar sem fjöldi hreinorkubíla er ekki nægjanlegur til að standa undir uppbyggingu innviða, það er, að hlutfall hreinorkubíla nær ekki þeim fjölda sem þarf til að standa undir markaði. Eigendur

hreinorkubíla í dreifbýli þurfa að taka á sig meiri kostnað og tíma til að nálgast þjónustu fjarri sínu byggðarlagi. Slíkt er því letjandi við ákvörðun um kaup á hreinorkubílum. Því má ljóst verða að íbúar á þessum svæðum verði af þessum gæðum sem afsláttur virðisaukaskatts er af hreinorkubílum, þar sem íbúar á þéttbýlustu landssvæðum sjá sér meiri hag í að kaupa hreinorkubíla enda sér markaðurinn um að byggja upp innviði. 10.000 bíla hámarkinu innan hvers flokks verði náð áður en notendur hreinorkubíla á landsbyggðunum geti treyst því að næg þjónusta (innviðir) séu til staðar.

FV krefst þess að þessi áhrif frumvarpsins verði tekin til greiningar og vísa málinu til Byggðastofnunar á grundvelli ákvæðis 4. mmg 14. gr laga nr 123/2015 um opinber fjármál. Verði áhrif 40. gr frumvarpsins talin skapa ójöfnuð þá verði gripið til mótvægisáðgerða. Dæmi um mótvægisáðgerðir væri að auka opinberan stuðning við uppbyggingu innviða um allt land og byrja á svæðum sem eru fjærst stærstu þéttbýlissvæðum. Ef ekki þá verða íbúar þessara landssvæða að eiga kröfu á að fá sérkvóta fyrir hreinbíla á sínu svæði, eða þá að lokað verði fyrir aðgengi íbúa á þéttbýlum svæðum að afslætti á hreinorkubílum og ákveðin fjöldi bifreiða þannig tekin frá fyrir íbúa annarra landshluta.

XIX. kafli Breyting á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, með síðari breytingum.

41. gr. Í stað „6,30 kr.“, „5,50 kr.“, „7,75 kr.“ og „6,90 kr.“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: 9,45 kr.; 8,25 kr.; 11,65 kr.; og: 10,35 kr. 41. gr. Hækkun kolefnisgjalds.

FV gerir þá kröfu að gerð verði greining hvernig hækkun á álagningu kolefnisgjalds hefur á framfærslu íbúa í dreifbýli sem þurfa m.a. að sækja miðlæga þjónustu ríkisins um langan veg. Einnig áhrif kolefnisgjalds á kostnaði á flutningum innanlands til hækkunar á flutningi aðfanga og hráefnis. Vísa má málinu til Byggðastofnunar á grundvelli ákvæðis 4. mmg 14. gr laga nr 123/2015 um opinber fjármál. Verði áhrif 41. gr frumvarpsins talin skapa ójöfnuð þá verði gripið til mótvægisáðgerða.

Bent er hér einnig á umfjöllun FV um verra aðgengi íbúa að kaupa hreinorkubíla. Í I. kafla greinargerðar með lögum nr 129/2009 er kynnt, að eitt af markmiði, með kolefnisgjaldi er að yta undir kaupendur að velja hreinorkubíla. Verði leitt í ljós að markaðsbrestur í þjónustu við hreinorkubíla sé til staðar, þá má draga þá ályktun að íbúar í dreifbýli sitji uppi með margfaldan kostnað miðað við íbúaþéttbýlis. Tengja mætti þessa tvo þætti í mótvægisáðgerð með því að tekjur af kolefnisgjaldi verði nýttar til að hraða uppbyggingu innviða fyrir hreinorkubíla.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

